

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ár 2018, miðvikudaginn 21. febrúar, var haldinn 169. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 10.00. Viðstödd voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur L. Haraldsson og Haraldur Sverrisson. Áslaug Hulda Jónsdóttir sat fundinn í fjarveru Gunnars Einarssonar og Theódóra Þorsteinsdóttir í fjarveru Ármanns Kr. Ólafssonar. Jafnframt sátu fundinn Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, Þorsteinn Karlsson, fjármálastjóri SHS, og Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri SHS. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram ársreikningur samstæðu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2017, dags. 22. febrúar 2018. Einnig lögð fram endurskoðunarskýrsla vegna ársreikings, dags. 22. febrúar 2018.
2. Fram fer kynning á frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar vegna nýyfirastaðins útboðsferli vegna kaupa SHS á slökkvibifreiðum. Lagt fram skjalið: Slökkvibifreiðar fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins – EES útboð nr. 14077, dags. 19. febrúar 2018. Samþykkir að ganga að tilboði Ólafs Gíslasonar & Co. hf. í kaup á fjórum slökkvibifreiðum fyrir SHS.

Grétar Þór Jóhannsson frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Fram fer kynning á skýrslu Slökkviliðs, dags. 21. febrúar 2018, um greiningu á bestu staðsetningu fyrir nýja slökkvistöð sem leysa á starfsstöðina á Tunguhálsi af hólmi. Samþykkt að fela Slökkviliðinu að fá rýni skipulagsyfirvalda á þær staðsetningar sem helst koma til greina.

Svavar Tryggvason tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer umræða um samning Mannvirkjastofnunar við Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 2. febrúar 2018, um umsjón og ábyrgð náms fyrir atvinnuslökkviliðsmenn við Brunamálaskólann.
6. Fram fer umræða um hagræðingu fyrir árið 2018
7. Önnur mál
Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 12:00

Fylgiskjöl:

- Ársreikningur SHS 2017, dags. 22. febrúar 2018.
- Endurskoðunarskýrsla vegna ársreiknings SHS 2017, dags. 22. febrúar 2018.
- Slökkvibifreiðar fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins – EES útboð nr. 14077, dags. 19. febrúar 2018.
- Staðsetning nýrrar slökkvistöðvar, dags. 21. febrúar 2018.
- Samningur um nám fyrir atvinnuslökkviliðsmenn við Brunamálaskólann, dags. 2. febrúar 2018.

Dagur B. Eggertsson

Áslaug Hulda Jónsdóttir
Theódóra Þorsteinsdóttir
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson